

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 18. febrúar 2022

Efni: Umsögn varðandi frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 152. löggjafarþing 2021 -2022. Þskj. nr. 34 - 34. mál.

Ég fagna því að það sé til meðferðar hjá Alþingi frumvarp um lögfestingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmið samningsins er að útrýma mismunun gagnvart fötluðu fólki og tryggja

að fatlað fólk njóti jafns réttar, jafnrar stöðu og jafnar meðferðar á við þá sem eru ófatlaðir. Sem fatlaður einstaklingur hafði ég bundið vonir við að vilji Alþingis um lögfestingu samningsins fyrir 13. desember 2020 yrði fylgt eftir. Velferðarnefnd sagði að það ætti að forgangsraða verkefnum til að lögfestingin myndi ganga fram. Það gerðist hins vegar ekki. Ég veit ekki af hverju, en ég á rétt á því að vita það.

Sumir halda kannski að það sé skrítið að ég hafi haft vonir um að samningurinn yrði lögfestur. Við búum á Íslandi sem hlýtur að vera frábært. Já, það er gott. En ég er samt álitinn vera þriðja flokks borgari af því að ég er fatlaður. Mér er mismunað um margt og fæ ekki sömu tækifæri og aðrir. Fólk segir að ég sé of fatlaður til að gera hitt og þetta og hina stundina segir það að ég sé ekki nógu fatlaður til að fá stuðning eða viðeigandi aðlögun. Það skiptir engu þótt ég sé

sérfræðingur í samningum og hafi farið í námskeið í háskólanum í Galway í Írlandi til að læra um hann, fólk horfir bara á fötlunina mína og segir að ég sé ekki nógu góður og þurfi breyta mér, sem ég get ekki. Það eru meiri kröfur gerðar á mig og annað fatlað fólk heldur en gerðar eru til samfélagsins. Allt er týnt til þess að láta líta út fyrir að ég sé ekki nógu góður til að njóta sömu meðferðar og sömu réttinda og annað fólk. Þess vegna hlakkaði ég til þess þegar samningurinn yrði lögfestur. Hann segir að ég sé jafn mikils virði og aðrir þótt ég sé fatlaður. Hann segir að ófatlað fólk hafi búið til samfélag fyrir sig og gleymt fólki eins og mér þegar það bjó til lög og reglur og tók ákvarðanir fyrir samfélagið. Og hann segir að samfélagið eigi að aðlaga sig að mér og öðru fötluðu fólki. Ég get ekki læknað mína fötlun eða orðið við óraunhæfum kröfum, en samfélagið getur breytt sér.

Ég hef verið með mál til meðferðar eftir 13. desember 2020, þar sem samningurinn hefði kannski hjálpað mér ef hann hefði verið lögfestur. Í staðinn tapaði ég því sem var mér dýrmætast og þurfti að sitja undir orðum sem mér, fötlunarfræðingum og sérfræðingum um réttindi fatlaðs fólks þótti ósanngjörn og ekki rétt.

Ég vil minna á 3.tl. 4.gr. samningsins sem kveður á um: „Aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð við og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“

Það hefur margsinnis gerst að þegar það kemur að frumvörpum sem snertir á réttindum fatlaðs fólks, þá hefur lítið samráð verið haft við fatlað fólk sjálft eða því gefið tækifæri til að tjá sína skoðun. Ófatlað fólk er oftast að semja frumvörpin og lítið samráð haft við fatlað fólk. Það stangast á við samninginn og þá aðalega 4.(3). gr. hans. Frumvarpið er til dæmis ekki aðgengilegt öllu fólki og það getur ekki veitt því umsögn. Þannig er það útlokað frá því að taka þátt í borgaralegu ferli sem á að vera öllum jafnt.

Málið er til meðferðar hjá velferðarnefnd Alþingis. Mér finnst það ekki rétt nefnd til að taka á alþjóðlegum mannréttindasamningi sem varðar jafnrétti fatlaðs fólks. Mér finndist það réttara að málið færi til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Þegar fötlun er skilgreint sem velferðarmál

Þá gleymast hlutir sem varða jafnrétti og fatlað fólk verður skilgreint sem viðfang læknisfræðlegs skilnings á fötlun, sem er ekki í samræmi við samninginn. Samningurinn byggist mannréttindaskilningi á fötlun og það er mikilvægt að Alþingi virði það í meðferð sinni á málinu. Þannig sendir það skýrari skilaboð til samfélagsins um markmið samningsins.

Ég vil líka minna nefndina á að Alþingi hafði lofað, þegar samningurinn var fullgiltur árið 2016, að valfrjáls bókun hans yrði fullgiltur fyrir árslok 2017. Það hefur ekki gerst ennþá. Með henni hefði opnast kæruleið fyrir mig og aðra fatlaða einstaklinga vegna brota á samningnum.

Alþingi hefur lofað mörgu í tengslum við samninginn í gegnum tíðina og margar tímasetningar verið settar fram í því skyni. En

Það virðist aldrei ganga eftir. Hvernig stendur
eiginlega á því?

Virðingarfyllt,
Ágúst Fannar Leifsson